

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 8. október 2009 í máli nr. S-682/2009:

### Ákærvaldið

*(Hulda María Stefánsdóttir fulltrúi)*

gegn

X

*(Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hdl.)*

Mál þetta, sem dómtekið var 28. september sl., er höfðað með ákæru útgefni af ríkissaksóknara 15. júní 2009 á hendur X, kennitala 000000-0000, ..., Reykjavík, fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás með því að hafa, aðfaranótt sunnudagsins 19. október 2008, fyrir utan veitingastaðinn Grænan kost, Skólavörðustíg 8, við Bergstaðastræti, Reykjavík, slegið Kristján Bjarna Jóhannsson í andlitið með glerglasi með þeim afleiðingum að hann hlaut nokkra skurði vinstra megin í andlitið, meðal annars einn 6 ½ sm skurð og einn 3 ½ sm skurð.

Telst þetta varða við 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 11. gr. laga nr. 20/1981.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Af hálfu Kristjáns Bjarna Jóhannssonar, kennitala 000000-0000, er krafist skaðabóta, samtals að fjárhæð 1.150.269 krónur, sem skiptist í bætur vegna lækni-, lyfja- og sjúkraflutningakostnaðar að fjárhæð 50.669 krónur, miskabætur að fjárhæð 1.000.000 króna og kostnaðar vegna lögmannaðstoðar að fjárhæð 99.600 krónur, með vsk. Auk þess er krafist vaxta samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 af ofangreindri fjárhæð frá 19. október 2008 til birtingar ákæru en frá þeim degi með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 6. gr. sömu laga til greiðsludags.

Verjandi ákærða krefst þess að hann verði sýknaður af kröfum ákærvaldsins en til vara að ákærða verði dæmd vægasta refsing sem lög leyfa. Þá krefst verjandi þess að bótakröfu í málinu verði vísað frá dómi, en til vara að hún verði lækkuð verulega. Loks krefst hann hæfilegra málsvarnarlauna að mati dómsins.

## Málsatvik

Samkvæmt skýrslu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu frá aðfaranótt sunnudagsins 19. október 2008, sem miðar við tilkynningu til lögreglu klukkan 4:40, var á þeim tíma óskað eftir aðstoð lögreglu að bifreiðastæðahúsi við Bergstaðastræti í Reykjavík. Í frumskýrslu kemur fram að á vettvangi hafi lögreglumenn hitt fyrir Soffíu Dóru Jóhannsdóttur og Kristján Bjarna Jóhannsson. Var Kristján með djúpan skurð á vinstri kinn, alblóðugur og mikið blóð á gangstétt. Kom fram að þau Kristján og Soffía hefðu átt í samræðum vegna sambandslita er nokkra menn hefði borið að garði. Einn úr hópnum hétu Jón Unnar, fæddur árið 1987 og hefði verið samtíða Soffíu í Melaskóla. Hefði hann farið að skipta sér af og farið að ýta við Kristjáni, sem hefði ýtt á móti og verið sleginn í andlitið með glasi. Ekki vissi Kristján hver hefði slegið hann með glasinu, en það hefði brotnað við þetta með þeim afleiðingum að hann hlaut fyrrgreinda áverka. Var Kristján fluttur á slysadeild til aðhlyningar. Frumskýrslu fylgja ljósmyndir af áverkum hans.

Meðal rannsóknargagna málsins er læknisvottorð Hlyns Þorsteinssonar, sérfræðings á slysa- og bráðadeild Landspítala-háskólasjúkrahúss, dagsett 23. október 2008, þar sem kemur fram að Kristján hefði komið á deildina umrædda nótt klukkan 5:17. Við skoðun hafi verið fjórir minni skurðir vinstra megin á andliti og einn stærri. Stærsti skurðurinn hafi verið um 6 ½ sentimetrar og farið inn í gegnum húð og sést niður í munnvatnskirtil. Ekki hafi verið að sjá að neitt læki úr kirtlinum. Síðan hefði verið um 3 ½ sentimetra sár og þrjár skurðir sem hefðu verið um ½ sentimetri hver. Þurfti að sauma stærsta skurðinn með 20 sporum, en þann næststærsta með 10 sporum. Þá hefðu verið sett nokkur spor í minni skurðina þrjá.

Mánudaginn 20. október 2008 mætti Kristján Bjarni Jóhannsson á lögreglustöð og lagði fram kæru á hendur ákærða fyrir líkamsárás. Sagði hann að í umrætt sinn hefðu þau Soffía Dóra Jóhannsdóttir verið að deila um sambandslit sín sem hefðu orðið nokkrum vikum fyrr. Hefðu þau bæði verið ölvuð. Þarna hefðu komið að tveir piltar og muni annar heita Jón Unnar, gamall bekkjarfélagi Soffíu frá í barnaskóla. Hinn pilturinn hefði verið ákærði. Sagðist Kristján Bjarni hafa komist að nafni hans eftirá, þar sem frændi hans hefði hringt í Jón Unnar og fengið nafn hans. Jón Unnar hefði farið að skipta sér af deilum Kristjáns og Soffíu með því að ýta við Kristjáni. Sagðist Kristján hafa ýtt á móti, en engin högg hefðu gengið á milli þeirra. Þetta hefði staðið yfir í örfáar sekúndur. Skyndilega hefði ákærði undið sér framan að Kristjáni og hefði hann fengið mikið högg í andlitið. Ákærði hefði haldið á björglasi sem hann sló á vinstri kinn og kjálka og brotnaði glasið við þetta. Hefði hann vankast verulega, sundlað og fallið í götuna. Hann hefði heyrt Jón Unnar og ákærða ræða eitthvað saman, en síðan hefðu þeir horfið á braut. Sagðist Kristján ekki hafa heyrt hvað þeim fór á milli. Aðvífandi vegfarandi hefði hringt í lögreglu.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu 13. nóvember 2008 og vísaði hann sakargiftum á bug. Ákærði sagðist hvorki kannast við kæranda málsins né að hafa lent í útistöðum við hann og ekki heldur kannast við að hafa verið á Bergstaðastræti eða við Skólavörðustíg á þessum tíma.

Ákærði var yfirheyrður hjá lögreglu á ný þann 19. maí 2009. Sagðist hann muna að hann hefði verið að skemmta sér umrædda nótt, en hvorki muna hvar hann var né með hverjum. Þá sagðist hann vita hver Jón Unnar Kristinsson væri, en engar líkur

væru á því að hann hefði verið með honum um nóttina.

Meðal gagna málsins er skýrsla lögreglu um myndsakbendingu sem Kristján Bjarni Jóhannsson og Soffía Dóra Jóhannsdóttir tóku þátt í og fór fram 22. maí 2009. Við myndsakbendinguna sögðust Kristján og Soffía bæði bera kennsl á ákærða á ljósmynd sem þann mann sem hefði verið valdur að líkamsrásarsinni.

Við aðalmeðferð málsins greindi ákærði svo frá að hann hefði verið að skemmta sér nóttina sem um ræðir ásamt vinum sínum, Erni Arnarsyni Hakert og Sturlu Má Björnssyni. Þeir hefðu verið við drykkju hjá félaganum sínum, en farið eftir það niður í miðbæ, litið inn á veitingastaðinn Sólon, en síðan farið á veitingastaðinn Prikid þar sem þeir hefðu verið uns staðnum lokaði undir morgun. Sagðist ákærði hafa rætt aðeins við félaganum sína utan við veitingastaðinn, en síðan farið heim til kærustu sinnar, Söndru Rósar Bjarnadóttur, og hefði klukkan þá verið á bilinu sex til sjö um morguninn. Ákærði sagðist þekkja Jón Unnar Kristinsson síðan í grunnskóla, en ekki muna til þess að hafa hitt hann þessa nótt. Hann sagðist ekki hafa tekið þetta mál alvarlega eftir að hann var kallaður til yfirheyrslu. Það hefði verið rétt sem kom fram í skýrslu hans hjá lögreglu 19. maí sl. að hann myndi ekki með hverjum hann hefði verið þessa nótt. Það hefði hins vegar rifjast upp fyrir honum síðar. Ákærði sagðist vita hver Soffía Dóra Jóhannsdóttir væri, en þau hefðu verið samtíða í Melaskóla og Hagaskóla. Nánar spurður um tímasetningar sagðist ákærði hafa komið niður í miðbæ um klukkan tvö um nóttina. Hann hefði verið á Prikinu á bilinu klukkan fjögur til fimm þegar atvikið átti sér stað.

*Kristján Bjarni Jóhannsson* sagði þau Soffíu Dóru Jóhannsdóttur hafa staðið upp við húsvegg við veitingastaðinn Grænan kost við Bergstaðastræti og hefðu þau verið að deila um sambandsmál sín. Soffía hefði litið upp og heilsað manni með nafninu Jón Unnar. Sagðist vitnið þá hafa snúið sér við og séð tvo menn koma gangandi frá Bergstaðastrætinu. Hefði það verið nefndur Jón Unnar, sem vitnið kannaðist við, og með honum lágvaxnari, dökkhærður maður, sem hann viti nú að er ákærði. Hefði Jón Unnar komið upp að honum og sett í hann öxlina. Einhverjar stimpingar hefðu orðið á milli þeirra í nokkrar sekúndur, þó ekki þannig að hnefahögg gengju á milli. Þegar þessu sleppti hefði hann snúið sér frá Jóni Unnari og litið til ákærða, sem hefði slegið hann með glasinu svo að hann féll í jörðina. Mennirnir hefðu staðið einhverja stund yfir honum, en síðan tekið til fótanna. Vegfarandi sem kom að hefði hringt á lögreglu.

Kristján sagðist hafa komist að nafni ákærða í gegnum Steinar Atla Skarphéðinsson, sem væri bróðursonur stjúpföður síns. Hann hefði vitað að Steinar þekkti Jón Unnar og hefði Steinar verið beðinn um að hringja í hann til að fá upplýsingar um manninn sem hafði verið í fylgd með honum. Þaðan væri nafn ákærða komið. Þegar hann fékk nafn ákærða frá Steinari hefði hann viljað ganga úr skugga um að hann væri rétti maðurinn áður en hann færi að kæra hann til lögreglu. Því hefði hann slegið nafni ákærða upp á netinu daginn eftir atvikið, fundið litla mynd af honum og þá hefði enginn vafi verið í hans huga. Skýrsla um myndsakbendingu var borin undir Kristján og sagðist hann þess fullviss að myndin sem hann hefði bent á væri af árásarmanninum.

*Soffía Dóra Jóhannsdóttir* sagði þau Kristján Bjarna hafa verið að ræða saman utan við veitingastaðinn Grænan kost þegar Jón Unnar hefði gengið þar fram hjá ásamt árásarmanninum. Hún hefði heilsað Jóni Unnari, sem hún kannaðist við frá því þau

voru saman í Melaskóla fyrir mörgum árum. Mennirnir hefðu gengið til þeirra og hefði Jón Unnar stjakað við Kristjáni, sem stjakaði á móti og hófust stimpingar á milli þeirra. Þá hefði hinn maðurinn komið að og þrykkt björglasi í andlit Kristjáns sem féll við það alblóðugur í jörðina. Hefðu mennirnir þá hlaupið í burtu. Soffía sagðist hafa kannast við andlit ákærða á vettvangi, en ekki áttað sig á því hvar hún hefði séð hann. Hún vissi nú að hann hefði gengið í sama grunnskóla og hún, þ.e. Melaskóla og Hagaskóla. Hún myndi ekki vel eftir honum, enda hefði hann verið yngri nemandi. Skýrsla um myndsakbendingu var borin undir Soffíu og sagðist hún þess fullviss að myndin sem hún hefði bent á væri af stráknum sem þrykkti björglasinu í andlit Kristjáns. Hún hefði áður séð mynd af þessum manni. Eftir að Steinar Atli hefði sagt þeim frá samtali þeirra Jóns Unnars hefði hún flett upp á internetinu mynd af þeim manni sem hann hefði sagst hafa verið með þetta kvöld. Hún hefði strax séð að þetta var árásarmaðurinn og væri ekki í neinum vafa um það.

*Kristján Friðþjófsson* lögregluumaður gerði grein fyrir framkvæmd myndsakbendingar. Kristján sagði vitni ekki vera látin bera kennsl á grunaða við myndsakbendingu ef það hefði áður séð mynd af hinum grunaða í myndasafni lögreglu. Hann treysti sér ekki til að segja til um hvaða áhrif það hefði á niðurstöðu myndsakbendingar ef vitni hefði áður séð mynd af hinum grunaða á netinu. Vitni gæti allt eins hafa séð viðkomandi niðri í bæ eða á veitingastað og þekkt hann aftur þar.

*Steinar Atli Skarphéðinsson* sagðist hafa verið á veitingastaðnum Prikinu kvöldið sem um ræðir ásamt Jóni Unnari Kristinssyni, féлага sínum. Hann hefði misst sjónar af Jóni Unnari, en séð hann síðar um kvöldið á efri hæð veitingastaðarins. Hann hefði þá verið í fylgd með ákærða, sem Steinar kannaðist við úr Vesturbænum. Daginn eftir þetta hefði Ingvar föðurbróðir hans, faðir Kristjáns, hringt í hann og spurt hvort hann hefði verið með Jóni Unnari vini sínum um kvöldið. Þegar hann hefði játað því hefði Ingvar spurt hvort Jón Unnar hefði verið í fylgd með lágvöxnum, dökkhærðum, skegghærðum strák. Hefði hann þá sagt Ingvari að Jón Unnar hefði verið með ákærða. Hann hefði jafnframt farið á facebook og fundið mynd af ákærða, sent hana Ingvari, sem sýndi Kristjáni og hefði Kristján þar þekkt árásarmanninn. Steinar sagðist hafa hringt í Jón Unnar eftir þetta og rætt við hann. Í þessu samtali hefði rifjast smátt og smátt upp fyrir Jóni Unnari að hann hefði hitt ákærða og séð hann stugga við hávöxnum dökkhærðum manni, eða að hávaxni dökkhærði maðurinn hefði stuggað við ákærða. Ekki hefði komið skýr mynd af atvikum, en komið hefði fram hjá Jóni Unnari að hann væri búinn að vera að drekka mikið og hefði verið í óreglu. Steinar sagði þá Jón Unnar hafa verið saman í samkvæmi heima hjá honum um kvöldið og farið saman á veitingastaðinn Prikid. Hann sagðist kannast við ákærða úr Vesturbænum, en hann hefði búið rétt hjá Jóni Unnari og hefðu þeir oft verið saman.

*Sturla Már Björnsson* sagðist hafa verið með ákærða og Erni Arnarsyni Hakert við drykkju þetta kvöld. Þeir hefðu farið niður í miðbæ um klukkan tvö um nóttina, farið á veitingastaðinn Sólun þar sem þeir gengu einn hring, en síðan farið á Prikid, þar sem þeir dvöldu uns staðnum lokaði um klukkan sex. Þeir hefðu spjallað aðeins saman fyrir utan og farið svo heim. Sturla sagðist hafa verið með ákærða allan tímann sem þeir dvöldu á Prikinu. Þeir hefðu aldrei orðið viðskila, ekki einu sinni til að fara á salerni. Þeir hefðu alltaf staðið allir saman upp til að fara á barinn og sest allir saman niður aftur. Hann sagðist kannast við Jón Unnar Kristinsson, en

ekki hafa séð hann þarna um kvöldið.

*Örn Arnarson Hakert* sagðist hafa verið með þeim ákærða og Sturlu þetta kvöld og hefðu þeir verið við drykkju hjá félaganum í Hlíðunum. Þeir hefðu farið niður í miðbæ um klukkan tvö, litið inn á Sólon og gengið einn hring þar, en verið komnir á Prikid þegar klukkan var gengin um tuttugu mínútur í þrjú. Þar hefðu þeir verið þangað til staðnum lokaði um klukkan hálf sjö. Þeir hefðu spjallað saman fyrir utan í 10 mínútur eða svo, áður en þeir skildu. Hann hefði verið með ákærða og Sturlu eiginlega allan tímann sem þeir voru inni á Prikinu. Þeir hefðu setið við borð á efri hæðinni og verið að drekka. Þeir hefðu alltaf verið saman nema þegar einhver þeirra fór á salerni eða á barinn til sækja bjór. Þeir hefðu aldrei orðið viðskila nema í fjórar til fimm mínútur í einu.

*Sandra Rós Bjarnadóttir*, fyrrverandi unnusta ákærða, sagði hann hafa komið heim til sín milli klukkan sex og sjö þennan morgun og hefði hún hleypt honum inn. Hún hefði ekki orðið vör við neitt óvenjulegt í fari hans.

*Jón Unnar Kristinsson* sagðist ekkert muna eftir þessu kvöldi. Hann hefði verið að skemmta sér með félögum sínum, en síðan fengið „blackout“. Hann kannaðist ekki við að hafa verið með Steinari Atla Skarphéðinssyni þetta kvöld. Hann sagðist þekkja ákærða, sem væri æskufélagi sinn. Hann kannaðist við að hafa rætt við Steinar í síma um þá atburði sem um ræðir. Hann hefði sagt Steinari að hann vissi ekki hvað hefði gerst. Hann myndi ekki eftir að hafa sagt Steinari að ákærði hefði verið með honum þetta kvöld og lent í átökum. Hann sagðist kannast við Soffiu Dóru, en ekki minnst þess að hafa verið á vettvangi og ýtt við brotaþola eins og hún hefði lýst. Hann sagðist ekki muna hvort hann hefði verið á Prikinu þessa nótt.

*Hilmir Þór Kolbeins* lögreglumaður kom fyrir dóminn og staðfesti frumskýrslu í málinu. Þá staðfesti *Hlynur Þorsteinsson* lækni læknisvottorð sem hann hafði ritað.

## Niðurstaða

Ákærði neitar sök og segist ekki hafa verið á vettvangi í umrætt sinn. Hefur ákærði borið að hann hafi verið á veitingastaðnum Prikinu við Bankastræti þegar líkamsárásin átti sér stað.

Kristján Bjarni Jóhannsson og Soffía Dóra Jóhannsdóttir báru kennsl á ákærða sem áráðarmanninn við myndsbendingu hjá lögreglu. Hafa þau borið að Jón Unnar Kristinsson, sem þau þekktu bæði, hafi verið með ákærða í för þegar hann veittist að Kristjáni. Steinar Atli Skarphéðinsson hefur borið að hann hafi séð ákærða ásamt Jóni Unnari á veitingastaðnum Prikinu þessa nótt. Þá hafi Jón Unnar upplýst hann í símtali sem þeir áttu daginn eftir að hann hefði verið með ákærða í för og séð hann stugga við hávöxnum dökkhærðum manni, eða þann mann stugga við ákærða. Jón Unnar hefur borið fyrir sig minnisleysi um atvik að þessu leyti. Hefur hann sagst hvorki muna atburði næturinnar sökum áfengisneyslu, né minnst þess að hafa upplýst Steinar um það sem að framan greinir.

Fram er komið að Kristján og Soffía höfðu séð mynd af ákærða á internetinu áður en til myndsakbendingar kom. Hefur Kristján borið að hann hafi leitað að mynd af ákærða eftir að hafa fengið nafn hans uppgefið til að forða því að hann kærði rangan mann til lögreglu. Soffía hefur borið að hún hafi kannast við ákærða þegar á vettvangi, en ekki komið honum fyrir sig. Hún hefði strax séð að myndin sem hún sá á internetinu var af árásarmanninum og væri hún ekki í neinum vafa um það. Þykir þetta atriði ekki rýra niðurstöðu myndsakbendingar svo að ekki verði á henni byggt.

Sturla Már Björnsson og Arnar Arnarson Hakert hafa borið um að hafa verið með ákærða á veitingastaðnum Prikinu umrædda nótt. Þykir dóminum afar ótrúverðugur framburður Sturlu um að þeir þrír hafi fylgst að sem einn maður allan þann tíma sem þeir dvöldu á veitingastaðnum, þar með talið þegar þeir fóru á salerni og á barinn til að kaupa drykki. Verður ekki á þeim framburði byggt, enda er hann í andstöðu við framburð Arnar að þessu leyti, sem bar að þeir hefðu nokkrum sinnum orðið viðskila þó að í stutta stund væri. Þá er til þess að líta að vettvangur árásarinnar er skammt frá veitingastaðnum þar sem ákærði og félagar hans dvöldu.

Að virtum þeim atriðum sem rakin hafa verið er að mati dómsins sannað, gegn neitun ákærða, að hann hafi verið með Jóni Unnari Kristinssyni á vettvangi í umrætt sinn, veist þar að Kristjáni eins og lýst er í ákæru og valdið honum þeim áverkum sem þar getur. Í ljósi þess að ákærði beitti glasi sem vopni var árásin sérstaklega hættuleg. Verður ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru og er háttsemin þar rétt heimfærð til refsíákvæða.

### **Refsing, skaðabætur og sakarkostnaður**

Ákærði er fæddur í febrúar 1989. Hann var 5. september 2008 dæmdur í sex mánaða skilorðsbundið fangelsi fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga með því að hafa slegið mann í andlitið með glerflösku svo að af hlutust nokkrir áverkar. Ákærði hefur rofið skilorð þessa refsíðóms. Verður skilorðsdómurinn tekinn upp samkvæmt 60. gr. almennra hegningarlaga og ákærða gerð refsing í einu lagi fyrir bæði brotin. Verður refsing ákærða ákveðin eftir reglum 77. gr. almennra hegningarlaga. Árás ákærða á Kristján Bjarna Jóhannsson var tilefnislaus og stórhættuleg. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 9 mánuði. Ekki er ástæða til þess að skilorðsbinda refsinguna.

Kristján Bjarni Jóhannsson hefur krafist skaðabóta úr hendi ákærða að fjárhæð 1.150.269 krónur auk vaxta. Er krafan sundurliðuð þannig:

1. Bætur vegna læknis-, lyfja- og sjúkraflutningskostnaðar 50.000 krónur
2. Miskabætur 1.000.000 krónur
3. Kostnaður vegna lögmannsaðstoðar með vsk. 99.600 krónur

Krafa um bætur vegna læknis-, lyfja- og sjúkraflutningskostnaðar er studd viðhlítandi gögnum og verður dæmd eins og hún er fram sett. Kristján hlaut

verulega áverka af atlögu ákærða og kemur fram í læknisvottorði Þóris S. Njálssonar, lýtalæknis, að hann muni bera ör í andliti um ókomin ár. Að því virtu og með hliðsjón af dómaframkvæmd þykja miskabætur hæfilega ákveðnar 500.000 krónur. Ólafur Gústafsson hæstaréttarlögmaður var skipaður réttargæslumaður brotaþola við dómsmeðferð málsins. Ákvörðun þóknunar fyrir réttargæslu tekur mið af kostnaði lögmansins við gerð bótakröfu og meðferð málsins fyrir dómi. Verður ákærði dæmdur til að greiða Kristjáni Bjarna Jóhannssyni skaðabætur að fjárhæð 550.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu frá 19. október 2008 til 29. júlí 2009, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Dæma ber ákærða til að greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar héraðsdómslögmanns, 404.625 krónur, og þóknun réttargæslumanns brotaþola, Ólafs Gústafssonar hæstaréttarlögmanns, 180.000 krónur, í báðum tilvikum að meðtöldum virðisaukaskatti. Þá greiði ákærði 27.200 krónur í annan sakarkostnað.

Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Hulda María Stefánsdóttir, fulltrúi ríkissaksóknara.

Ragnheiður Harðardóttir, settur héraðsdómari, kveður upp dóm þennan.

#### **Dómsorð:**

Ákærði, X, sæti fangelsi í 9 mánuði.

Ákærði greiði Kristjáni Bjarna Jóhannssyni skaðabætur að fjárhæð 550.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 19. október 2008 til 29. júlí 2009, en með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr., sbr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði 611.825 krónur í sakarkostnað, þar með talið málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms H. Vilhjálmssonar héraðsdómslögmanns, 404.625 krónur og þóknun réttargæslumanns brotaþola, Ólafs Gústafssonar hæstaréttarlögmanns, 180.000 krónur.

Ragnheiður Harðardóttir